

Myndmennt 7. bekkur

Kennarar: Hólmfríður Guðmundsdóttir; Marta Emilía Valgeirsdóttir

7

Lýsing

Myndmennt er innan námssviðs list- og verkgreina í aðalnámskrá. Þrátt fyrir mismunandi inntak, aðferðir og áherslur list- og verkgreina er einnig margt sem tengir þær saman. Hæfniviðmiðum fyrir myndmennt /sjónlistir er skipt í þrjá flokka: Sköpun, Greining og úrvinnsla og menning og umhverfi. Flokkarnir tengjast hver öðrum sem og öðrum námsgreinum.

Tímabil

Skólaárið 2025 - 2026.

Yfirferð námsefnis

Í **Árgangsáætlun** fyrir myndmennt 7. bekkja eru hæfniviðmið (námsmarkmið), námsefni (námsleiðir), námsmat (áætlun) og samþætting útlistuð. Hún er hluti af skólanámskrá Melaskóla, greinasviði. Árgangsáætlun, þ.e. kennsluáætlun árgangsins fyrir skólaárið, er kynnt nemendum og foreldrum á hópfundum að hausti (sbr.: *Námskynning*).

Árgangsáætlun er til grundvallar *vikúáætlunum* kennara (sjá sbr. Dagatal í Mentor).

Kennslustundir á viku: 2 (sbr. viðmiðunarstundaskrá).

Námsþættir og viðfangsefni í myndmennt taka mið af *hæfniviðmiðum* árgangsins og leiðsagnarnámi. Nemendum er sagt *hvers vegna* þeir eru að læra ákveðin atriði, þ.e. upplýstir um hæfnina sem stefnt er að með náminu (sjá hæfniviðmið árgangsins). Kennsluáðferðir, námsefni og matsaðferðir (þ.e. hvernig, hvað og hvenær) taka mið af því.

Námsþættir og viðfangsefni í myndmennt 7. bekkja á skólaárinu eru:

- teiknifærniþróf (blýantur, trélitir)
- skissubókargerð (blýantur, trélitir)
- lógóhönnun 1 (blýantur, túss)
- mappa - merki útfært á möppu (tússlitir)
- listasafn heimsótt
- fjarvídd 1 (blýantur)
- fjarvídd 2 - útiteiknun (blýantur og vatnslitir)
- veggspjald (þekjulistir)
- Stop-motion mynd - samvinnuverkefni (iPad, tölvu, sími)
- uppstilling (blýantur og vatnslitir)
- sjálfsmynd (blýantur)
- andlitsgríma (steinleir)
- gríma glerjuð
- teikning á hvolfi (tússlitir og blek)
- íslensk og erlend samtímalist - kveikja að eigin verki (frjálst efnisval)
- að teikna hvert annað (blýantur, túss, blek)
- grafík - dúkrísta (linoleum dúkur, grafíkhnífar)

- þrykk - jólapappír (pappaþrykk, grafíklitir)
- frjálst myndverk, hugmyndir og útfærsla (frjálst efnisval)

Kennsluaðferðir

Kennsluhættir (áherslur, kennsluaðferðir, vinnulag) í myndmennt 7. bekkja taka mið af *leiðsagnarnámi*.

Melaskóli nýtir sér *fjölbreytta kennsluhætti* innan allra árganga til að styrkja myndmennt, m.a.: markvissar innlagnir kennara, umræður, hlustun, áhorf og tjáningu, einstaklings- og hópverkefni, smíðjur og þemavinnu, samþættingu námsgreina, sköpun og verklega vinnu, útikennslu, kannanir og próf.

Áhersla er á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, samvinnu, skapandi og gagnrýna hugsun. Þar sem því er komið við er farið í vettvangsferðir og söfn heimsótt.

Áherslan í myndmennt 7. bekkja er á:

- teiknifærni og skissuvinnu
- hugmyndaútfærslur, tækni
- upplifa listsýningu með leiðsögn
- tveggja og þriggja punkta fjarvídd
- lögmál fjarvíddar
- formskynjun og persónuleg tjáning
- hlutföll og skygging
- þrívíð mótun í leir, glerjun
- teikna fyrirmynd sem snýr öfugt
- að kynnast grafikaðferðum
- að kynnast þrykkaðferðum

Í myndmennt öðlast nemendur tækifæri til að læra og tjá sig án orða. Þeir geta ýmist unnið á gagnrýninn hátt með málefni daglegs lífs eða með ímyndunaraflíð. Slík reynsla veitir nemendum forsendur til að læra að þekkja sjálfa sig í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Skilningurinn verður bæði almennur og persónulegur, byggður á rannsóknnum á raunveruleikanum og töfrum ímyndunaraflsins. Að taka þátt í að skapa, greina og njóta listar stuðlar að því að nemendur þjálfast í að upplifa list jafnframt því að þróa með sér samkennd, umburðarlyndi og gagnrýninn skilning á heiminum. Með markvissri myndmennt er hægt að viðhalda og þróa þann hæfileika sem börn nota frá unga aldri, að segja sögu myndrænt. Myndmennt er í eðli sínu skapandi námsferli. Mikilvægt ferli þar sem nemendur finna innri rödd, mynda tengingar, og þróa leikni í ólíkum nálgunum, s.s. í teikningu, málun, mótun, þrykki, klippiaðferð og skjámiðlum.

Stefna Melaskóla í myndmennt er:

- að efla færni í myndrænni tjáningu
- að gefa nemendum tækifæri til að kynnast ólíkum miðlum
- að auka skilning nemenda á mikilvægi sjónlista
- að efla skapandi hugsun nemenda

Sköpunargleði er eitt af gildum Melaskóla. Allir nemendur búa yfir sköpunarhæfileikum sem nauðsynlegt er að efla og þroska með þeim.

Áherslur Melaskóla í list- og verkgreinum við lok 7. bekkjar eru að nemandinn geti:

- tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt
- hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum
- gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans
- gengið frá eftir vinnu sína
- unnið einföld verkefni í hóp
- lagt mat á eigin verk

Áherslur Melaskóla í myndmennt eru að nemendur:

- afli sér upplýsinga, þekkingar um viðfangsefnið og vinni úr hugmyndum sínum
- sýni afrakstur hugmyndavinnu sinnar í framkvæmd (sbr. verkleg vinna)
- ræði saman, meti og ígrundi vinnu sína og vinnubrögð (sbr. lokaafurð)
- setji vinnu sína í sögulegt og menningarlegt samhengi

Grunnþættir menntunar:

Um grunnþætti menntunar, tengsl þeirra við stefnu, markmið og árgangaáherslur Melaskóla má lesa í almenna hluta skólanámskrárinnar (kaflar 2.1 og 2.2).

Námsaðlögun:

Hugmynda- og aðferðafræði leiðsagnarnáms er höfð að leiðarljósi til að koma til móts við mismunandi þarfir og getu nemandans, styrkja náms hæfni, náms hvöt og námsaðlögun hans með markvissri endurgjöf. Litið er á "mistök" sem námstækifæri, þ.e. mikilvægan þátt í námsaðlögun hvers og eins í skóla án aðgreiningar.

Námsmat

Námsmat í myndmennt 7. bekkja byggir á *fjölbreyttu hæfni- og leiðsagnarmati*, t.d.: símati (vinnuframlag, samvinna, frágangur, ástundun) - sjálfsmati og jafningjamati - verkefnum (einstaklingsverkefni, hópverkefni) - vinnubókum - prófum-könnunum-skimunum (stöðupróf, greinandi próf, framvindu- og lokapróf).

Matsviðmið í myndmennt taka mið af listgreinum í heild. Fjöldmörg *matsverkefni* í myndmennt eru lögð fyrir nemendur á hverju skólaári eftir leiðsagnarnám í skilgreindum námslotum. Um leiðbeinandi stöðu- og framvindumat er að ræða, jafnt og þétt yfir skólaárið. Námsmatið birtir *matsferil* nemenda sem er foreldrum aðgengilegur í Minn Mentor, upplýsinga- og tölvukerfi skólans.

Matskerfi Melaskóla fyrir 1. - 7. bekk grundvallast á hæfnieinkunum sem birtar eru með tveimur matskvörðum. Annars vegar er notaður *táknkvarði* með fjórum táknum almennt í öllum árgöngum, hins vegar *bókstafakvarði* með sex stöfum í lokahæfnimati í 4. og 7. bekk.

Námsmat í myndmennt 7. bekkja er: hvetjandi, fjölbreytt, reglulegt, sanngjarnt, áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt, samræmt innan árganga og stiga. Það nær til þekkingar, leikni og hæfni. Það er í takt við hæfniviðmið, kennsluáherslur og tekur mið af nemendahópnum. Kennarar innan árganga vinna saman í teyimum að þessum markmiðum.

2025_Sjónlistir fyrir 5.- 7. bekk

- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

2025_Sjónlistir fyrir 5.- 7. bekk - Sköpun

- Notar mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun.
- Vinnur hugmynd frá skissu að lokaverkefni bæði fyrir tví- og þrívíð verk.
- Nýtir sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.
- Byggir eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu.

2025_Sjónlistir fyrir 5.- 7. bekk - Greining og úrvinnsla

- Tjáir skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu..
- Beitir hugtökum og heitum frumþátta og lögmála myndlistar sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.
- Fjallar um eigin verk og annarra í samtali við aðra nemendur.
- Greinir og fjallar um listaverk og áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu.

2025_Sjónlistir fyrir 5.- 7. bekk - Menning og umhverfi

- Greinir, ber saman og metur aðferðir við gerð margs konar myndlistar og hönnunar.
- Getur gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.
- Þekkir og getur gert grein fyrir völdum verkum íslenskra og erlendra listamanna, lýst þeim og greint og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka.

- Skygging með blýant

Nemendur læra á mismunandi tegundir teikniblýanta og læra að skyggja form með því að beita blýöntunum rétt. Einnig læra nemendur að búa til áferð sem skapar þrívídd.

Nemendur velja sér tvö form til þess að teikna og eiga síðan að skyggja þau til þess að ná fram þrívídd.

- Blönduð tækni

Í þessu verkefni læra nemendur að nýta sér blandaða tækni (mixed media) í listsköpun. Við lærðum að uppruni þessarar aðferðar byrjaði með kúbista-hreyfingunni 1912. Verk eftir Pablo Picasso og George's Braque voru skoðuð þar sem þeir voru forsprakkar kúbismans og blandaðrar tækni.

Námsmarkmið verkefnisins eru:

- notað mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun.
- greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margs konar listaverka
- þekkt og gert grein fyrir verkum íslenskra og erlendra listamanna, lýst þeim og greint og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka.

Árangursviðmið verkefnisins - nemendur eiga m.a. að:

- nota þrjár eða fleiri aðferðir við gerð listaverksins
- nota ímyndunaraflið og vera útsjónasamir í samsetningu miðlana
- ganga vel um efni og áhöld
- vanda sig og klára myndina

Matsviðmið:

- | | |
|---------------------|---|
| Framúrskarandi: | Mjög gott verkefni m.t.t. markmiða og viðmiða. |
| Hæfni náð: | Gott verkefni m.t.t. markmiða og viðmiða. |
| Þarfnast þjálfunar: | Sæmilega gott verkefni m.t.t. markmiða og viðmiða |
| Hæfni ekki náð: | Verkefni ábótavant m.t.t. markmiða og viðmiða. |

- **Dúkrista / Grafík**

Í þessu verkefni læra nemendur um Grafík aðferðir. Grafíkmyndir eru unnar með því að rista eða æta mynd í grafíkplötu, sem getur verið málmyrta, steinn, tré eða línóleum dúkur. Litur er borinn á plötuna og þrykkt af henni í grafíkpressu. Í verkefninu okkar notum við línóleum dúk. Aðferðir grafíklistarinnar eru margskonar og skiptast í meginatriðum í þrjá flokka: *háþrykk*, *djúpþrykk* og *flatþrykk*. Hver aðferð hefur sína eiginleika og einkenni og nemandinn velur þá aðferð sem hentar best hugmyndum hans. Hægt er að þrykkja grafíkmyndir á einfaldan hátt til dæmis er hægt að þrykkja dúk- og tréristur með skeið eins og margir þekkja. Yfirleitt krefst þó grafíkin sérstakra tækja, eins og grafíkpressu, og sérstakra áhaldna. Hún reynir á færni og tæknikunnáttu en biður um leið upp á spennandi ferli þar sem hið óvænta getur tekið yfirhöndina í vinnuferlinu

Námsmarkmið verkefnisins eru:

- notað mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun.
- nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun
- unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk
- beitt hugtökum og heitum frumþátta og lögmála myndlistar sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni
- greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margs konar listaverka

Árangursviðmið verkefnisins - nemendur eiga m.a. að:

- kynna sér aðferðir dúkrista
- skissa hugmynd og skipuleggja vinnuna
- búa til amk 3 þrykk
- ganga vel um efni og áhöld

Matsviðmið:

Framúrskarandi:	Mjög gott verkefni m.t.t. markmiða og viðmiða.
Hæfni náð:	Gott verkefni m.t.t. markmiða og viðmiða.
Þarfnast þjálfunar:	Sæmilega gott verkefni m.t.t. markmiða og viðmiða
Hæfni ekki náð:	Verkefni ábótavant m.t.t. markmiða og viðmiða.

- **Auglýsingaskilti**

Í þessu verkefni eiga nemendur að hanna auglýsingaskiltifyrir nýja nammitegund. Markmiðið er að nemendur nýti þá þekkingu sem þeir hafa fengið um grafíska hönnun og sýni skilning á því hvernig texti, litir, myndir og uppsetning vinna saman í áhrifaríkri auglýsingu.

Verkefnið felur í sér að ;

- Búa til nýja nammitegund
- Að skilgreina markhóp (td. börn, unglingar, fullorðnir osfrv)
- Að semja slagorð sem höfðar til markhópsins og styrkir vörumerkið
- Að hanna auglýsingaskilti þar sem tekið er mið af
 1. uppsetningu myndflatar (samspil texta og mynda)
 2. Litavali og leturgerð
 3. Skýrri og áberandi framsetningu skilaboða

Áhersla er lögð á;

- Skapandi hugsun og frumleika
- Meðvitaða notkun grafískra hönnunaratriða
- Skýra tengingu milli markhóps og útlits auglýsingarinnar

Nemendur skulu skila fullunnu auglýsingaskilti og vera tilbúnir að útskýra hugmyndina sína, val á litum, uppsetningu, og hvernig auglýsingin höfðar til markhópsins.

Matsviðmið:

Framúrskarandi:	Mjög gott verkefni m.t.t. markmiða og viðmiða.
Hæfni náð:	Gott verkefni m.t.t. markmiða og viðmiða.
Þarfnast þjálfunar:	Sæmilega gott verkefni m.t.t. markmiða og viðmiða
Hæfni ekki náð:	Verkefni ábótavant m.t.t. markmiða og viðmiða.

- Fauvismi

Nemendur fá kynningu á listastefnunni Fauvisma. Fjallað verður um helstu einkenni stefnunnar, svo sem notkun skærra lita, frjálsslegra pensilstrika og áherslu á tilfinningar frekar en raunsæi. Einnig verða kynntir helstu listamenn stefnunnar, meðal annars Henri Matisse og André Derain.

Í kjölfar kynningarinnar eiga nemendur að skapa eigið málverk innblásið af fauvisma. Nemendur velja sér viðfangsefni og mála með áherslu á sterka liti, einfalda formgerð og persónulega tjáningu.

Markmið verkefnisins:

- Að nemendur kynnist listastefnunni fauvisma
- Að nemendur þjálf sig í að nota lit og form á skapandi hátt
- Að nemendur læri að vinna verk innblásið af ákveðinni liststefnu

- Vatnslitaverkefni

Nemendur kynnast mismunandi vatnslitaaðferðum og möguleikum vatnslita sem miðils. Verkefnið hefst á æfingablaði þar sem nemendur skipta blaði niður í hólf með málningarteipi. Í hvert hólf prófa þeir mismunandi vatnslitaaðferðir t.d. blautt á blautt og blautt á þurrt, litablöndun og salt til að skapa áferð o.s.frv.

Markmið með æfingunum er að nemendur fái tækifæri til að rannsaka hvernig vatnslitir hegða sér og hvernig ólíkar aðferðir skapa mismunandi áhrif. Að loknum æfingunum mála nemendur vatnslitamálverk þar sem þeir nýta að minnstakosti einhverjar tvær aðferðir sem þeir lærðu á æfingablaðinu. Nemendur velja sér viðfangsefni og vinna verkefnið með meðvitaðri notkun vatnslitaaðferða.

Markmið verkefnis:

- Að nemendur kynnist og prófi mismunandi vatnslitaaðferðir
- Að nemendur læri að stjórna og nýta vatnsliti á fjölbreyttan hátt í eigin listsköpun
- Að nemendur yfirfæri tilraunir og æfingar yfir í sjálfstætt listaverk



Listavefurinn

Vefur

(<https://listavefurinn.is/>)



Litir - veggspjald í myndmennt

Veggspjald pdf.

(https://mms.is/sites/mms.is/files/atoms/files/8086_litahringurinn.pdf)



Rými - veggspjald í myndmennt

Veggspjald pdf.

(https://mms.is/sites/mms.is/files/atoms/files/8088_rymi_a3.pdf)



Námsefni frá kennara

Valið námsefni og ítarefni frá kennara



Námsefni frá kennara

Valið námsefni og ítarefni frá kennara



Námsefni frá kennara

Valið námsefni og ítarefni frá kennara



Námsefni frá kennara

Valið námsefni og ítarefni frá kennara